

**Ed.**

**527. Frumvarp til laga**

[276. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35/1976, lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977, lög nr. 61/1977 og lög nr. 22/1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra né sendiherra.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, ramagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra og sendiherra skulu ákveðin af kjaradómi.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.

4. gr.

2. mgr. 22. gr. orðist svo:

Í dómi kjaradóms skal ákveðið hvenær hann skuli koma til framkvæmda, og gildir hann í eitt ár frá lokum gildistíma síðasta samnings.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða I.**

Sýslumenn, bæjarfógetar og aðrir uppboðshaldarar skulu meðan þeir sitja í því embætti sem þeir eru nú skipaðir í eiga rétt á, ef þeir óska þess, að halda áfram sömu lögkjörum og þeir nú njóta, þó ekki lengur en til ársloka 1990.

**Ákvæði til bráðabirgða II.**

Núgildandi kjarasamningar, sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu gilda til 28. febrúar 1985.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

#### Um 1. og 2. gr. og ákvæði til bráðabirgða I.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fjölgað verði þeim embættismönnum sem kjaradómur ákveður laun. Hér er annars vegar um að ræða sendiherra og forstöðumenn stórra ríkisstofnana sem nú eru í hæsta launaflokki ríkisstarfsmanna og hins vegar héraðsdómara. Telja verður að eðli starfa þessara embættismanna sé með þeim hætti að eðlilegt sé að kjaradómur ákveði kjör þeirra en þau séu ekki sammingsatriði við stéttarfélag.

Að því er héraðsdómarana varðar skal tekið fram, að sú breyting, er í frumvarpinu felst um ákvörðun á kjörum þeirra, er gerð að höfðu samráði við dómsmálaráðherra og með samþykki Sýslumannafélags Íslands, en Dómarafélagi Reykjavíkur hefur lengi verið umhugað að breyting í þessa átt næði fram að ganga.

Gert er ráð fyrir því að um leið og launakjör sýslumanna og bæjarfógeta svo og annarra uppboðshaldara yrðu ákveðin af kjaradómi yrðu uppboðslaun til þeirra afnumin strax eða í áföngum. Með ákvæði til bráðabirgða I er þeim sýslumönnum og bæjarfógetum, sem þess kynnu að óska, veittur frestur allt til ársins 1990 til að gangast undir kjaraákvörðanir kjaradóms og fá þá á meðan að halda óbreyttum lögkjörum, enda sitji þeir áfram í þeirri stöðu sem þeir eru nú skipaðir til. Þeir menn sem skipaðir verða í þessar stöður eftir gildistöku laganna mundu hins vegar ekki eiga slíkt val.

#### Um 3. og 4. gr. og ákvæði til bráðabirgða II.

Í sambandi við nýgerðan aðalkjarasamning fjármálaráðherra við launamálaráð ríkisstarfsmanna innan BHM var undirritað eftirfarandi samkomulag: „Fjármálaráðherra mun á því Alþingi, er nú situr, beita sér fyrir þeirri breytingu á lögum um sammingsrétt háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins, að gildistími samninga verði sammingsatriði aðila hverju sinni, en komi til kasta kjaradóms gildi úrskurður hans í eitt ár. Með lagasetningu yrði gildistími núgildandi kjarasamninga stytur í eitt ár.“

Tillaga um breytingu á lögnum skv. 3. og 4. gr. frumvarpsins er gerð til að fullnægja ofangreindu samkomulagi.